

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Skagafjarðarsýslu

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála

1. gr.

Fjallskilareglugerð þessi tekur til Skagafjarðarsýslu sem myndar eitt fjallskilaumdæmi.

Fjallskiladeildir í umdæminu eru:

1. Austur-Fljót
2. Vestur-Fljót
3. Hrolleifsdalur
4. Unadalur
5. Deildardalur
6. Hóla- og Viðvíkurdeild
7. Hegranes
8. Skarðsdeild
9. Sauðárkrókur
10. Skagi
11. Staðardeild
12. Seyludeild úthlut.
13. Seyludeild framhluti og Lýtingsstaðadeild
14. Hofsafréttur
15. Akrahreppur

Sveitarstjórnir í sameinuðu sveitarfélagi í Skagafirði og í Akrahreppi hafa á hendi yfirstjórn allra afrétta- og fjallskilamála í umdæminu og gæta þess að farið sé í öllum atriðum eftir ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skal sveitarstjórn skipa fjallskilastjóra og tvo meðstjórnendur fyrir hverja fjallskiladeild eða upprekstrarfélag. Skulu þeir sjá um stjórn og framkvæmd fjallskilamála á sínu svæði. Fjallskilastjórar verði formenn nefndanna og jafnframt fulltrúar í stjórnnum sameiginlegra svæða. Hafi fjallskiladeildir sameiginlegt upprekstrarsvæði eða ef hefð er fyrir samvinnu um stjórn fjallskilamála er heimilt að skipa eina fjallskilastjórn að minnsta kosti fyrir tvær eða fleiri deildir, enda eigi hver deild fulltrúa í stjórninni. Heimilt er sveitarstjórn að fela fjallskilastjórum bókhald vegna fjallskila og innheimtu á fjallskilagjöldum á viðkomandi fjallskilasvæði.

Fjallskilastjórn er heimilt að boða til almenns fundar um fjallskilamál ef hún telur þess þörf. Krefjist 1/3 hluti bænda í fjallskiladeild almenns fundar skal hann haldinn. Sá telst bóndi sem hefur lögbýli til ábúðar. Fjallskilastjórnnum ber þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín.

II. KAFLI

Um afrétti og notkun þeirra

3. gr.

Land þar sem fjallskil tekur til skiptist í afrétt og heimalönd. Þar sem almenningar (óbyggðir) og heimalönd þurfa hreinsunar við taka og fjallskil til þeirra, eftir því sem þörf krefur og nánar er fyrir mælt í lögum um fjallskil og í reglugerð þessari.

4. gr.

Upprekstri sauðfjár og hrossa í afrétt skal haga í samræmi við ákvarðanir fjallskilastjórna. Fjallskilastjórnir skulu ákveða hve snemma sumars má reka í afrétt. Ekki er leyfilegt að flytja búpening í afrétt fyrr en fjallskilastjórnir leyfa það. Hrúta eldri en veturgamla má eigi reka í afrétt, enda eru þeir undanþegnir fjallskilagjöldum.

Haga skal rekstri gegnum heimalönd þannig að sem minnstur bagi verði af og er fjallskilastjórn heimilt að ákveða hvaða leiðir skuli reka á afrétt. Ef afréttur er afgirtur og afréttarpeningur safnast við þá girðingu síðari hluta sumars, ber fjallskilastjórn að sjá um, að sá búpeningur verði fjarlægður þaðan. Enginn má taka búfénað úr afrétt nema með leyfi fjallskilastjórnar.

5. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt fjallskiladeildar eiga allir búfjáreigendur sem afnot hafa af jörð eða jarðarhluta innan marka upprekstrarfélagsins og hafa aðstöðu til að veita bústofni eðlilega umhirðu og skjól, ásamt því að geta framfleytt honum þann tíma sem afréttarnotkun verður ekki við komið.

Þessi réttur er óframseljanlegur og er öllum óheimilt að taka til upprekstrar fé eða hross af öðrum, nema með fullu samþykki fjallskilastjórna, sem taka þá fullt hagagjald sem fjallskilastjórn ákveður hverju sinni. Þó hafa ábúendur upprekstrarrétt fyrir fjallskilaskyldan fénað heimilismanna sinn.

6. gr.

Heimilt er umráðamanni lands, sem verður fyrir ágangi af afréttarpeningi að sumrinu eða peningi, sem á að vera í girtum heimahögum, að kvarta um það til hlutaðeigandi fjallskilastjóra, og skal hann þá láta reka

fénað á afrétt eða ráðstafa honum á þann hátt, sem fjallskilastjórn ákveður. Hafi þessu búfé eigi verið ráðstafað innan viku, hefur sá, sem fyrir áganginum verður, rétt til að reka sjálfur fénað þennan á afrétt. Enginn má sleppa fénaði á afrétt eftir fyrstu göngur nema fjallskilastjórn leyfi.

III. KAFLI

Um göngur og réttir

7. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi og stóðeigandi sem rekur hross í afrétt. Skal hver leggja til fjallskil á þann hátt, sem fjallskilastjórn ákveður. Fjallskilastjórn metur allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peningsverðs og jafnar honum á alla sauðfjár – og stóðhrossaeigendur upprekstrarfélagsins. Skal jafnt gjald lagt á hvert stóðhross og 7 kindur. Fjallskilastjórn má breyta þessu gjaldhlutfalli ef þurfa þykir. Skyldur er hver bóndi að inna af hendi fjallskil fyrir heimafólk sitt og aðra, sem eiga hjá honum fénað. Fjallskilastjórn skal leggja ásetningsskýrslur frá MAST til grundvallar við niðurrjöfnun fjallskilagjalda. Leiðrétta má ásetning vegna vanhalda eða eigendaskipta og verður sú tilkynning að hafa borist eigi síðar en 10. júlí. Undanskilja má frá fjallskilum að einhverju eða öllu leyti fénað sem gengur í öruggum girðingum eða í eyjum. Heimilt er að leggja hluta fjallskilakostnaðar á jarðir eða landverð jarða, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Skal þess þó gætt að enginn landeigandi lendi í óeðlilegum kostnaði við fjallskil, þó hann eigi hátt metið land. Gæta skal að meðalhófsreglu.

8. gr.

Skyldur er hver eigandi fénaðar að gera fjallskil í þeirri fjallskiladeild sem fénaði hans er framfleytt í árlangt, þótt hann eigi þar ekki lögheimili, enda er hann þá ekki fjallskilaskyldur af þeim fénaði þar sem hann á lögheimili.

9. gr.

Þar sem tvö eða fleiri upprekstrarfélög nota sama afrétt, eða afréttir liggja saman, skulu hlutaðeigandi fjallskilastjórnir eða fjallskilastjórar eiga með sér fund eigi síðar en í 17. viku sumars til að semja um hvernig fjallgöngum skuli haga. Á þessum svæðum skal leitast við að göngur fari fram samtímis a.m.k. einu sinni á hausti. Fjallskilastjóri í þeirri fjallskiladeild, þar sem skilarétt er, kveður til þessa fundar. Skal þá hver fjallskilastjóri leggja fram skýrslu um tölu fjár og stóðhrossa á fjallskilasvæðinu, staðfesta af MAST og eftir þeim skýrslum fer, hvernig fjallskilin skiptast milli deilda.

10. gr.

Fjallgöngur skulu vera a.m.k. tvennar eða þrennar haust hvert eftir ákvörðun hlutaðeigandi fjallskilastjórnar. Síðustu göngum skal lokið fyrir lokafjárskil (hreppaskil) eða 1. mánudag í október ár hvert. Fjallskilastjórum er heimilt að láta fara fram eftirleit á afréttarlöndum. Fjallskilastjórnir ákveða hvenær göngur hefjast. Ef vart verður við fénað í afrétt eftir síðustu göngur skal fjallskilastjóri hlutast til um að hann verði sóttur eins fljótt og verða má.

11. gr.

Fjallskilastjóri kveður íbúa fjallskiladeildar með gangnaboði til fjallskila með hæfilegum fyrirvara, eigi síðar en 14 dögum fyrir fyrsta boðaðan gangnadag . Í gangnaboði skal nákvæmlega taka fram hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera fjallskil, sem honum ber, skal hann borga þau ásamt sekt í fjallskilasjóð.

12. gr.

Fjallskilastjórar skulu skipa einn gangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjóri skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim. Hann skal sjá um að fjársöfn séu rekin með reglu til réttar og kveðja menn til að gæta safnanna þar til fénaður er kominn í náttuga eða vökumenn hafa tekið við honum. Göngum er ekki lokið fyrir en safnið er komið til réttar eða í náttólf. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Gangnastjóri skal minna gangnamenn á að fara svo vel sem unnt er með fé og hross í göngum. Gangnastjóra skal greiða sanngjarna þóknun fyrir gangnastjórnina (eitt dagsverk).

13. gr.

Ef búfjáreigandi hefir engan hæfan mann til fjallskila og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna það fjallskilastjóra 10 dögum áður en skilin eiga að vinnast. Fjallskilastjóri útvegar þá mann til að vinna verkið og borgar þá búfjáreigandinn allan þann kostnað, sem af fjallskilum leiðir.

14. gr.

Fjallskilastjórnir skulu sjá um að koma upp og halda við hentugum skýlum fyrir gangnamenn, hesta og hunda á afréttum, þar sem slíks er þörf og skal kostnaður sá, sem af þessu hlýst greiðast af sveitarsjóði, enda hafi sveitarstjórn samþykkt framkvæmdina. Fjallskilastjórnir hafa alla umsjón með mannvirkjum þessum.

IV. KAFLI

Um hreinsun heimalanda að haustinu

15. gr.

Hver ábúandi eða umráðamaður lands er skyldur að hreinsa land sitt að hausti, þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálfur. Skal því vera að fullu lokið fyrir hreppaskil eða 1. mánudag í okt. ár hvert.

16.gr.

Fjallskilastjórnir skulu skipa fyrir um reglulegar smalanir heimalanda samtímis hverjum fjallgöngum. Þar sem víðlend heimalönd liggja að afrétti skulu smalanir þessar fara fram undir umsjón manns, sem fjallskilastjóri skipar, í samlögum búenda, eftir því sem best hagar til á hverjum stað og í samvinnu við næstu sveitir. Allan óskilafénað, sem kemur fyrir, skal fara með samkvæmt fyrirmælum fjallskilastjóra.

17. gr.

Fjallskilastjórnir skulu sjá um, að eftir réttir á haustin séu heimalönd rækilega smöluð og fénu verði komið til skila eftir þeim leiðum, sem ákveðnar verða.

V. KAFLI

Um réttun sauðfjár og hrossa

18. gr.

Sveitarstjórn ber að sjá um, að á hverjum réttarstað sé hæfilega stór fjárrétt og nægilegt dilkrými við hana, svo og að réttinni sé vel við haldið. Sveitarstjórn ber skylda til að koma upp réttum og sjá um viðhald þeirra eftir því sem þörf krefur. Við hverja skilarétt skal vera ómerkingadilkur og sérstakur dilkur fyrir sjúkt fé. Enn fremur skal vera til dilkur fyrir fé af öðrum svæðum.

19. gr.

Skilaréttir eru :

1. Holtsrétt.
2. Flókadalsrétt.
3. Skálárétt.
4. Árhólaréttt.
5. Deildardalsrétt.
6. Laufskálarétt.
7. Rósarétt.
8. Silfrastaðarétt.
9. Hlíðarrétt í Vesturdal.
10. Mælifellsrétt.
11. Grófargilsrétt.
12. Staðarrétt.
13. Skarðarétt.
14. Selnesrétt.
15. Stafnsrétt.

Rétta skal sauðfé og hross í þessum réttum á þeim tímum, sem fjallskilastjórnir ákveða. Hver fjallskilastjórn ákveður á sínu svæði, hvaða lönd smala skuli til hveðrar réttar. Rísi ágreiningur út af þessu sker sveitarstjórn úr.

20. gr.

Fjallskilastjórnir skulu skipa réttarstjóra við hverja rétt. Réttarstjórn má teljast með gangnaskilum. Réttarstjóri skal vera kominn til réttar í tæka tíð hvern réttardag. Hann skipar fyrir hvernig drætti skuli hagað og heldur mönnum til starfa. Vanræki einhver réttarstörfín skal réttarstjóri ráða mann til starfans á hans kostnað. Réttarstjóri má skipa áreiðanlega menn til að kanna fé manna, áður en það er rekið frá réttinni. Fjallskilastjóri skal skipa menn til að vera réttarstjóra innan handar við töfludrátt og yfirleitt við réttarstörfín.

21. gr.

Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur úr safninu eða réttinni, undir eins og þeirra verður vart, og einangra þær. Hann skal sjá um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í sérstakan dilk, svo eigendum gefist kostur á að láta mæður helga sér þau. Helgi hryssur eða ær sér ekki ómerkinga eru þeir eign

viðkomandi fjallskilasjóðs. Enginn má helga sér marklausa kind á fjárbragði. Að loknum réttarstörfum skal réttarstjóri afhenda fjallskilastjóra alla ómerkinga til ráðstöfunar.

Frá aukaréttum skal láta ómerkinga ganga til aðalréttar með öðrum úrtíningi. Réttarstjóri skal kveðja menn til að skoða úrtíning vandlega eftir þeim merkjakerfum sem viðurkennd eru og mega þeir ekki hverfa frá fyrr en fulllokið er, nema með leyfi réttarstjóra. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fé þeirra verði ekki eftir í úrtíningi. Meðan varnir gegn sauðfjársjúkdómum haldast, skulu ákvæði sauðfjársjúkdómanefndar gilda um meðferð ómerkinga og óskilafjár. Frá hverri aukarétt skulu kvaddir menn til að reka eða flytja úrtíning tafarlaust til skilaréttar, svo að hann sé þangað kominn áður en réttarstörfum er lokið.

22. gr.

Fjallskilastjórnir skulu skipa menn til að fara í réttir annarra svæða, þar sem helst eru fénaðarsamgöngur, til að hirða fé og hross fyrir sveitunga sína. Maður sá sem sendur er til að hirða fénað í réttum, á fjárskilum og á öðrum samrekstrardögum annarra sveita, má ekki fara þaðan fyrr en úrtíningur hefur verið skoðaður vandlega eftir markaskrá og, ef við á, eftir örmerkjalestur.

23. gr.

Í haustgöngum skal, ásamt fé, smala stóðhrossum af afréttum og rétta þau. Auk þess skal fara fram almenn smölun á hrossum í heimalöndum fyrsta þriðjudag í vetri. Skal þá á hverju fjallskilasvæði fara fram sundurdráttur á öllum hrossum sem koma fyrir, á þeim stöðum, sem fjallskilastjórnir ákveða. Þau hross, sem ekki þekkjast og enginn hirðir, skal fara með sem óskilafénað og þau seld.

24. gr.

Stóðhross skulu dregin í sundur í aukaréttum og skilaréttum. Meðan á réttum stendur, skal réttarstjóri gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sér folöld, og skal hann kappkosta að haga allri meðferð á hrossum þannig að ekki hljótist slys af.

VI. KAFLI

Um meðferð óskilafénaðar

25. gr.

Hver sá, sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur við smölun afréttar eða heimalanda, skal leitast við að handsama svo fljótt sem verða má ómerkinga, sem vart kann að verða við, og auðkenna þá ef þeir fylgja móður. Nú koma ómerkingar eða annað óskilafé til réttar, og skal þá draga það í sérstakan dilk, þar sem eigendur eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga og sanna eignarétt sinn.

26. gr.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í skilaréttum og ekki finnast eigendur að, skal lógað, og sér fjallskilastjóri um að svo sé gert. Óskilafé, sem kemur fram eftir réttir og ekki finnast eigendur að eða kemst ekki til eigenda vegna fjarlægðar, skal fara með á sama hátt. Annan óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal sýslumaður selja á opinberu uppboði með 3 vikna innlausnarfresti.

VII. KAFLI

Um fjármörk og markaskrá

27. gr.

Búfjármörk eru: örmerki, frostmerking, brennimörk, plötumerki og eyrnarmörk.

Skylt er hverjum búfjáreiganda að hafa glöggt mark á búfé sínu. Lömb skulu eyrnarmörkuð fyrir 12. viku sumars. Skylt er að plötumerkja allt ásett sauðfé og geitfé með númeri lögbýlis eða eiganda, sýslutákni og númer sveitarfélags. Að auki er heimilt að brennimerkja sömu númer og tákn á horn. Ef einhver vanrækir að merkja fé sitt með plötu í eyra, getur hann ekki krafist skaðabóta, þótt fé hans verði eftir í útréttum í úrtíningi eða fari skakka leið í fjárskilum.

28. gr.

Sauðfé og annan búpening skal draga eftir mörkum eða plötumerkjum. Markið eða plötumerkið helgar eiganda kind, nema sönnun komi fyrir, að annar eigi. Enginn má draga sér kind, sem eigi ber hans rétta mark eða plötumerki. Ef kind er með plötumerki, brennimarki eða hornamarki annars en þess, sem eyrnarmarkið á, skal sá talinn eigandi, sem á brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnarmarksins krefst, gera grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Enginn má nota annars mark nema með leyfi markeiganda. Nú er kind ómörkuð eða afeyrð eða á henni óljóst mark eða vafasamt. Skal henni þá fargað vegna sjúkdómahættu.

29. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark, svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark, enda hafi eigi annar maður í því héraði eða hinum næstu samskonar mark eða svo svipað, að hætta sé á misdrætti. Soramörk mikil má ekki taka upp, né heldur mörk, sem vandkvæði er á að marka, svo eigi valdi villu eða vafa: bragð, netnál, hvathamrað, blaðrifað, helmingrifað, þrírifað, þrístúfrifað, sýlt í blaðstýft, sýlt í hvatt, sýlt í helmingað, sýlt í stúf, tvísýlt í stúf. Fleiri en tvær undirbenjar má ekki hafa sama megin á eyra. Mörk þau, sem bann er lagt við, mega ekki ganga að erfðum, gjöfum eða kaupum og sölum. Séu þau fleiri en hér eru talin, skulu þau auglýst í markaskrá sýslunnar.

30. gr.

Sveitarstjórnir skulu láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna áttunda hvert ár, og skal þar með prenta fjallskilareglugerð sýslunnar, þegar sveitarstjórnir telja prentunar þörf. Skylt er markeiganda að tilkynna mark sitt til prentunar í markaskrá umdæmisins. Mark, sem hvorki er prentað í markaskrá né heldur birt í Lögbirtingarblaði, skal talið niður fallið og er öðrum heimilt að taka það upp. Þó skal sá er áður átti mark, eiga forgangsrétt til þess, ef hann tekur það upp innan 8 ára. Markeigendum er skylt að greiða gjald, sem sveitarstjórn ákveður, fyrir hvert mark, sem á að prenta í markaskrá. Hvert heimili skal fá ókeypis eitt eintak af markaskránni, er fylgja skal jörð við ábúendaskipti. Einnig skal sveitarstjórn sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send ókeypis til allra svæða utan sýslu, þar sem fjársamgöngur geta komið fyrir. Áður en mörkum er safnað til prentunar skal sveitarstjórn ákveða gjald fyrir mörkin til lúkningar kostnaði við söfnun þeirra, skráningu og prentun, svo og umsjón með upptöku marka. Ef gjaldið nemur meira en kostnaði, rennur afgangurinn í sveitarsjóð og hrökkvi eigi gjaldið til skal greiða það sem upp á vantar, úr sveitarsjóði.

31. gr.

Sveitarstjórnir kjósa mann til að undirbúa markaskrá undir prentun og hafa umsjón með upptöku marka og söfnun. Kosning hans gildir til 8 ára í senn. Kaup til hans að meðtöldum kostnaði við starf hans skal vera

10 % af markagjaldi, nema öðruvísi sé um samið. Rétt er að markaumsjónarmaður geri sér far um að koma samræmi og festu á nöfn marka. Í markaskrá skal raða mörkum eftir starfrósröð, en þó framan á eyra fyrr en aftan. Mörk eru flokkuð eftir formarki á hægra eyra og skal það fyrsta í hverjum flokki skráð fullum stöfum, en hin síðari með strikum. Innan flokks ræður hægra eyrað röðinni, en vinstra eyra, þegar sama mark er hægra. Í fyrsta flokki teljast þau mörk, sem hægra eyra er alheilt og fremst í hverjum flokki þau sem vinstra eyra er marklaust. Í marklýsingu er fyrst greint yfirmark, þá undirbenjar að framan og aftan, og fyrr sú efri ef tvær eru sömu megin, síðast undirmark á miðju eyra.

32. gr.

Fjallskilastjórnir skulu hver á sínu fjallskilasvæði, kjósa mann til að safna mörkum í sveitinni og innheimta fyrir þau. Í ómakslaun ber honum 10% af markagjaldi á sínu svæði. Kosningu hans skal fjallskilastjóri tilkynna markaumsjónarmanni fyrir septemberlok það ár sem mörkum er safnað. Markasöfnun fer fram í októbermánuði árið áður en markaskrá ber að prenta. Skal henni haga svo, að hvert mark sé ritað á sérstakan seðil með fullu nafni og heimili markeiganda. Öll afbrigði frá öðrum mörkum, hversu litlu sem munar, teljast sérstök mörk, og má ekki taka þau til greina, nema fullt gjald komi fyrir. Markaseðlar skulu tilbúnir fyrir lokafjárskil (hreppaskil) og skal þá hver húsráðandi afhenda safnanda alla seðla frá sínu heimili, ásamt gjaldi fyrir mörkin. Jafnframt og safnandi hefur veitt seðlum móttöku skal athuga mörkin vandlega með samanburði við gildandi markaskrá og hlutast til um leiðréttingu á þeim, sem misrituð kunna að vera, og breytingu á þeim, sem koma í bága við ákvæði reglugerðar um uppöku marka. Síðan skal hann merkja seðlana með framhaldandi töluröð í réttri stafrófsröð og senda þá markaumsjónarmanni fyrir nóvemberlok. Skal þar með fylgja markagjald svæðisins, að frádregnum ómakslaunum safnanda. Þá er umsjónarmaður hefur prófað að gjaldið sé rétt, afgreiðir hann það til sveitarstjórnar. Jafnframt markaseðlum skal safnandi hvers svæðis senda markaumsjónarmanni nákvæma skýrslu um öll nýupptekin mörk á svæðinu og sömuleiðis þau mörk, þótt gömul séu, sem eigi hafa verið í síðustu markaskrá. Hafi markið verið notað áður, skal þess getið í skýrslunni, hvern rétt hlutaðeigandi hafi til marksins og hvenær það var síðast prentað. Með nýuppteknum mörkum teljast afbrigði frá eldri mörkum, þótt litlu muni. Eftir að markaskrá er prentuð, skal safnandi athuga hana vandlega, að því er snertir öll mörk í sveitinni. Finni hann villur, er valdið geti misdrætti, skal hann í samráði við markeigendur semja leiðréttingar og senda þær markaumsjónarmanni fyrir árslok. Leiðréttingar skulu prentaðar á kostnað sveitarsjóðs gegn endurgjaldi frá þeim, sem að villunum eru valdir.

33. gr.

Þá er umsjónarmanni hafa borist markaseðlar og skýrslur um nýupptekin mörk af öllum svæðum sýslunnar, skal hann bera hverja skýrslu saman við markaseðla af svæðinu, síðan allar skýrslunar saman sín á milli, og loks hverja skýrslu saman við markaskrá innan sýslu og utan, þar sem fjársamgöngur geta átt sér stað. Skal hann fella niður þau nýupptekin mörk, sem teljast of lík eldri mörkum, svo og ný mörk, sem líkjast um of hvert öðru, og enn fremur mörk, sem ekki má taka upp samkvæmt ákvæðum reglugerðar. Þau mörk, sem niður eru felld af umsjónarmanni, má ekki prenta í markaskrá sýslunnar. Nú hefur verið felld niður mark, og skal þá umsjónarmaður tilkynna það marktakanda bréflaga og jafnframt benda honum á mark, er hann geti fengið sem líkast því, er hann hafði kosið sér. Hafi hann eigi svarað bréfi umsjónarmanns fyrir febrúarlok, má líta svo á að hann taki upp markið og skal prentað í markaskránni. Ef einhver vill taka upp mark milli þess sem markaskrá er prentuð, skal hann leita samþykkis umsjónarmanns og að því fengnu auglýsa markið í Lögbirtingablaði. Eftir það er honum markið frjálst til notkunar, en óheimilt að öðrum kosti.

34. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar, t.d. þeir, sem flust hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum fyrir markaumsjónarmanni sýslunnar fyrir lok fardaga að vori. Að fengnu samþykki hans skal auglýsa mörkin í Lögbirtingablaði. Þeir sem vanrækja þetta eða hirða eigi um að láta prenta mörk sín í markaskrá sýslunnar, mega búast við, að með fé þeirra verði farið sem óskilafé.

35. gr.

Sveitarstjórnir skulu leita samvinnu við Sveitastjórnir Eyjafjarðarsýslu og Austur – Húnavatnssýslu um ráðstafanir til að afstýra sammerkingum og námerkingum á því svæði, er fjársamgöngur geta komið fyrir. Takist téð samvinna, skulu markaumsjónarmenn sveitarfélaganna koma saman á fund í janúarmánuði það ár, sem markaskrá á að prenta, til þess að hafa eftirlit með upptöku marka. Á fundinum skulu umsjónarmenn leggja fram nákvæmar skýrslur, hver fyrir sína sýslu, um öll nýupptekin mörk og þau eldri mörk sem eigi hafa verið í síðustu markaskrá. Skýrslur þessar skulu vandlega athugaðar og felld niður þau nýuppteknu mörk, sem teljast of lík eldri mörkum, eða líkjast um of hvert öðru og má þá eigi prenta þau í markaskrá sýslanna. Jafnframt skulu fundarmenn koma sér saman um önnur ný mörk, er megi taka upp í stað þeirra, sem niður eru felld. Ef fyrir ferst að halda markaeftirlitsfund eða eigi er hægt að halda hann í tæka tíð, skulu umsjónarmenn bera sig saman bréflega. Skal umsjónarmaður hvern sýslu senda umsjónarmönnum hinna sýslanna skýrslu um öll nýupptekin mörk í sýslunni, að undanskildum þeim mörkum, er hann hefur bent hlutaðeigendum á að fella niður, en að viðbættum þeim mörkum, er hann hefur bent hlutaðeigendum á að taka upp í þeirra stað. Ber umsjónarmönnum að annast um, að engin nýupptekin mörk, er valdið geta sammerkingum eða námerkingum á því svæði, er fjársamgöngur eiga sér stað, verði prentuð í markaskrá sýslunnar.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði

36. gr.

Nú verða eigendur eða ábúendur jarða, er að afrétti liggja, fyrir verulegum ágangi afréttarpenings, geta þeir krafist girðingar á milli afréttar og heimalanda sinna skv. 6. gr. girðingarlaga nr. 135/2001.

37. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fénað eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárréttir, í rekstrum eða gæslu, fjallgöngum eða heimalandasmölunum.

38. gr.

Nú verður vart fjár í ógöngum, og er þeim þá skylt, er sér, að tilkynna það oddvita eða sveitarstjóra viðkomandi sveitarfélags. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanna, er skylt að skjóta féð, sé það unnt. Takist björgun kinda úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi kindar helming björgunarkostnaðar, en sveitarsjóður, þar sem eigandi kindarinnar er heimilisfastur, hinn hluta kostnaðar. Náist kind eða kindur hins vegar ekki lifandi, skal sveitarsjóður, þar sem björgunartilraunin var gerð, bera kostnað vegna tilraunarinnar.

39. gr.

Sveitarstjórn sker úr öllum ágreiningi milli fjallskilastjórna út af fjallskilamálum. Sömuleiðis heyra undir úrskurð hennar kærur og kröfur á hendur fjallskilastjórnnum, er snerta fjallskilamál. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sveitarstjórnar.

40. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum. Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðarinnar, skal fara að hætti opinberra mála.

41. gr.

Reglugerð þessi, sem sveitarstjórnir Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps hafa samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 488 frá 11. ágúst 1998.